

Sog úr legi í staðdeyfingu

Sog í staðdeyfingu er framkvæmt ef innihald er í legi eftir fósturlát eða þungunarrof. Sog í staðdeyfingu er gert til að tæma leghol.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Fyrir aðgerð þarf í sumum tilvikum að nota tvær töflur af lyfinu misoprostol (Cytotec) sem mýkir leghálsinn. Töflunum er komið fyrir hátt í leggöngum að minnsta kosti tveimur klukkustundum fyrir aðgerð. Lyfið getur valdið verkjum og aukið blæðingu. Því er ráðlagt að taka paracetamol 1 g og ibuprofen 400 mg klukkustund fyrir aðgerð. Ekki þarf að vera fastandi.

Aðgerðardagur

Aðgerðin fer fram á göngudeild kvenlækningadeildar 21A. Aðgerðin er gerð í staðdeyfingu í gegnum leggöng. Legháls er víkkaður og innihald legs er fjarlægt með sozi. Heildarferlið tekur yfirleitt um 15-20 mínútur. Fylgikvillar eru sjaldgæfir og heimferð er leyfð að aðgerð lokinni.

Útskriftarfræðsla

Verkir og verkjalyf

Eðlilegt er að finna væga tíðaverki eftir aðgerð. Mælt er með paracetamol og ibuprofen til verkjastillingar ef ekki er óþol eða ofnæmi. Hámarksskammtar af paracetamoli eru 1 g fjórum sinnum á sólarhring og ibuprofen 400 mg fjórum sinnum á sólarhring.

Blæðingar

Búast má við blæðingum frá leggöngum í allt að þrjár vikur eftir aðgerð. Stundum er nær engin blæðing og það er einnig eðlilegt. Næstu eðlilegu tíðablæðingar ættu að hefjast eftir 4-6 vikur og geta þær orðið ríkulegri en vanalega.

Ráðleggingar eftir aðgerð

- Fara má í sturtu en ekki í baðkar, sund eða heitan pott næstu tvær vikurnar.
- Eingöngu má nota bindi en ekki túrtappa eða álfabikar meðan blæðing varir.
- Forðast þarf samfarir næstu tvær vikurnar.
- Oftast er hægt að mæta aftur í vinnu eða skóla daginn eftir aðgerð.
- Ekki er þörf á endurkomutíma hjá lækni.

Hafa þarf samband við móttöku kvenlækningadeildar ef eftirfarandi hættumerki koma fram næstu tvær vikurnar:

- Blæðing er það mikil að stórt bindi (næturbindi eða sambærileg) fyllist á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.
- Líkamshiti er hærra en 38,0°C.
- Miklir verkir eru í kvið sem ráðlögð verkjalyf slá ekki á.

Ef erindið getur ekki beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma **543 1000** og biðja um samband við símavakt bráðþjónustu kvennadeildar. Ef um brátt ástand er að ræða á að hafa samband við **112**

Símanúmer

Móttaka kvenlækningadeildar 21A, opin virka daga kl. 08:00-15:45

543 3224

Skiptiborð Landspítala (sí mavakt bráðþjónustu kvennadeilda)

543 1000